

Fundargerð fyrsta fundar vetrarins '25-'26

Fundurinn var haldinn í Englendingavík, Borgarnesi kl 17:30
miðvikudaginn 1. október 2025 á 50. afmælisári DKG.

Theodóra formaður setti fundinn og bað Gullu að kveikja á kertum
Hún bauð síðan gesti fundarins velkomna, þær Kristínu Gísladóttur
leikskólastjóra á Uglukletti og Signýju Óskarsdóttur verkefnastjóri
skólaþróunar í Menntaskóla Borgarfjarðar.

Nafnakall og kveðjur: Dagný er hætt í deildinni og sendi kveðju. Var henni
þökkuð þátttaka í deildinni. Einnig komu kveðjur frá Sigrúnu, Brynju,
Ingibjörgu Öddu, Gunnhildi, Jennu, Sjöfn, Ruth og Valgerði sem ekki
höfðu tæk á að mæta að þessu sinni. Ekki heyrðist frá Hildi.

Síðan var farinn hringur þar sem félagskonur og gestirnir kynntu sig, nöfn,
menntun og sögu í deildinni, þar sem það átti við.

Ekki þótti ástæða til að lesa upp fundargerð síðasta fundar þar sem hún
hafði áður verið send út til félagskvenna og samþykkt.

Ásta sagði okkur frá framkvæmdaráðsfundi sem hún sótti fyrir hönd
deildarinnar.

Þar var margoft afar áhugavert og má lesa nánar um hér: Fundargerðin:

[https://www.dkg.is/static/files/skjol_landsamband/fundargerdir/
framkvaemdaraadsfundur_2025.pdf](https://www.dkg.is/static/files/skjol_landsamband/fundargerdir/framkvaemdaraadsfundur_2025.pdf)

og framkvæmdaáætlunin: [https://www.dkg.is/is/stjorn-og-nefndir/
framkvaemdarad/framkvaemdaaetlun-2025-2027](https://www.dkg.is/is/stjorn-og-nefndir/framkvaemdarad/framkvaemdaaetlun-2025-2027)

Að því loknu var borinn fram matur: kjúklingaréttur og svo súkkulaðiterta
í eftirrétt.

Sigrún ætlaði að vera með kynningu á DKG en veiktist svo sá
dagskrárliður féll niður.

Theodóra kynnti drög að dagskrá Delta deildar veturinn 2025-2026:

1. Fyrsti fundur í Englendingavík og taka með okkur gesti - Sigrún J.
með kynningu. Dagsetning: 1. okt. 2025
2. Jólafundur. Heimsækja Soffiu í Garðabænum og fá Hönnu Ágústu til
að segja frá sér og syngja.
Hugmynd að dagsetningu: 3. eða 4. des. 2025.

3. Heimsækja Safnahúsið í Borgarnesi og hitta Þórunni Kjartansdóttur menningarfulltrúa Borgarbyggðar. Dags: 21. eða 22. janúar 2026.
4. Funda á Akranesi í byrjun mars og þá etv að heimsækja Garðsel eða Grundaskóla. Hugmynd að dagsetningu: 4. eða 5. mars 2026.
5. Heimsækja SSV (Samband sveitarfélaga á Vesturlandi), ath við Pál S. Brynjarsson framkvæmdastjóra um að taka á móti okkur. Aðalfundurinn og kosning nýrrar stjórnar. Hugmynd að dags.: 29. eða 30. apríl.

Happdrættið var á sínum stað og hlaut Elísabet vinninginn.

Sívý var með *Orð til umhugsunar* og fjallaði um ófriðarástand í heiminum, vaxandi öfgar, skil milli kynslóða í skoðunum og skoðanamyndun og hlutverk fræðslu í því sambandi.

Undir liðnum önnur mál kom Ásta með skráningarblað til að endurskoða og lagfæra ef þurfti, nöfn, menntun og störf félagskvenna.

Theodóra færði tveim félagskonum rauða rós, þeim Ástu Egilsdóttur og Jóhönnu Karlsdóttur fyrir framúrskarandi mætingu síðastliðinn vetur, en þær mættu á alla fundi Deltadeildar og viðburði DGK.

Fundi var síðan slitið kl. 19:40

Fundarritari: Sigurveig Sigurðardóttir